

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2026, mánudaginn 23. febrúar 2026 kl. 13:00 var haldinn 374. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmssdóttir, Þórður Gunnarsson, Guðveig Eyglóardóttir og Valgarður Lyngdal Jónsson.

Guðveig og Valgarður tóku þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 23.02.2026, lagt fram, auk gagna sem afhent voru stjórn á milli funda.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF373 lögð fram. Fundargerð samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
3. Klukkan 13:15 mætti Snorri Hafsteinn Þorkelsson til fundarins ásamt Bryndísi Maríu Leifsdóttur, Grétu Guðnadóttur og Hrafnhildi Fanngeldsdóttur, auk endurskoðendanna Davíðs Arnars Einarssonar, Bjarna Más Jóhannessonar og Sturlu Jónssonar og kynnti drög að ársreikningi ársins 2025. Afgreiðslu reikningsins frestað til aukafundar, sem haldinn verður 6. mars nk. kl 12:30.

Snorri lagði fram og kynnti svohljóðandi tillögu að arðgreiðslu til eigenda. Tillögunni fylgir greinargerð:

*Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 4.500 milljónir króna eða tæplega 1,6% af eigin fé í árslok 2025 og 40% af hagnaði ársins.*

*Felur tillagan einnig í sér að arðgreiðsla að fjárhæð 3.500 milljónir króna er án fyrirvara en útgreiðsla 1.000 milljóna króna er háð hagfeldri niðurstöðu óvissuþátta, sem fjallað er um í greinargerð.*

*Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2025-2027.*

Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Þórs Helgasonar og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Ragnhildur Alda María Vilhjálmssdóttir og Þórður Gunnarsson greiða atkvæði gegn tillögunni og óska bókað:

*Skynsamlegt væri að falla frá áætlun um arðgreiðslur til eigenda fyrir rekstrarárin 2025 og 2026 sökum óvissu um hvenær framleiðsla Norðuráls nær fullum afköstum á ný.*

Klukkan 14:15 mætti Edda Sif Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix, til fundarins og gerði grein fyrir áherslum og horfum Carbfix. Umræður.

Snorri kynnti svohljóðandi tillögu um framlengingu á lánalínu Carbfix. Tillögunni fylgir greinargerð:

*Stjórn Orkuveitunnar heimilar að Orkuveitan framlengir skammtímalánasamning við Carbfix hf. til 31.12.2028. Heildarlánasamningur 12.000 m.kr. Framangreind heimild nær einnig til undirritunar allra skjala og gagna sem heimildin nær til.*

Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Þórs Helgasonar og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir og Þórður Gunnarsson sitja hjá.

HLÉ

4. Lagt fram og kynnt minnisblað forstjóra og stjórnarformanns, dags. 23. febrúar 2026 um fyrirkomulag innri endurskoðunar. Einnig lagt fram erindi Einars Hálfðanarsonar, nefndarmanns í endurskoðunarnefnd, til stjórnar, dags. 18. febrúar 2026. Umræður.

Guðveig Eyglóardóttir yfirgaf fundinn kl. 15:50.

Stjórn samþykkir að fela forstjóra og stjórnarformanni að vinna áfram að útfærslu á leið 3 í samráði við stjórnir dótturfélaga og endurskoðunarnefnd.

5. Klukkan 16:08 mættu Hera Grímsdóttir, Sigurður Hafsteinn Markússon, Pálmar Sigurðsson og Breki Logason og kynntu djúpnýtingarvegferð Orkuveitunnar með áherslu á fyrsta fasa eða IDDP-3.

Hera lagði fram og kynnti svohljóðandi tillögu:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir fjármögnun á djúpbórnarverkefninu IDDP3 allt að 1.700 m.kr. Samhliða verður sótt um 500 -1200 mkr í styrki, framlög og stuðning til lækkunar.*

Tillagan borin upp og samþykkt samhliða.

6. Lögð fram tillaga stjórnar Ljósleiðarans frá 19. febrúar 2026 til hluthafafundar. Afgreiðslu tillögunnar frestað.
7. Lögð fram rekstraráhættuskýrsla ásamt skýringum á breytingum frá síðustu skýrslu.

8. Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 23. febrúar 2026 lagt fram.
9. Dótturfélög. Eftirfarandi stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda lagðar fram til upplýsingar:

Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 20.02.2026  
Fundargerð Veitna nr. 175. dags. 21.01.2026  
Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr. 248. dags. 23.01.2026  
Minnisblað framkvæmdastýru Ljósleiðarans dags. 20.01.2026  
Fundargerð stjórnarfundar ON nr. 83 dags. 21.01.2026  
Minnisblað framkvæmdastjóra ON dags. 18.02.2026  
Minnisblað framkvæmdastýru Carbfíx dags. 20.02.2026  
Fundargerð stjórnarfundar Carbfíx dags. 21.11.2025

10. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli fundu, dags. 23.02.2026, ásamt fylgiskjölum. Umræður.
11. Vala Valtýsdóttir, formaður starfskjaranefndar lagði fram svohljóðandi tillögur til aðalfundar um þóknun stjórnar:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að stjórnarlausn hækki sem nemur verðbólguþéttum Seðlabankans eða 2,5%. Aðrar breytingar verði ekki frá þeirri tillögu sem samþykkt var á aðalfundi 2025.*

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Vala Valtýsdóttir, formaður starfskjaranefndar lagði fram svohljóðandi tillögur til aðalfundar um kjör forstjóra:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að grunnlausn forstjóra hækki úr kr. 4.030.400 í 4.126.160 eða að föst laun hækki um sem nemur verðbólguþéttum Seðlabankans, eða 2,5%, þannig verði föst laun kr. 3.926.160 auk mánaðarlegs ökutækjastyrks að fjárhæð kr. 200.000. Heildargrunnlausn forstjóra verði því 4.126.160. Miðast hækkunin við 1. mars 2026.*

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 17:22.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 23. mars 2026**

Gylfi Magnússon,  
Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Skúli Þór Helgason

Þórður Gunnarsson, Guðveig Eyglóardóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson.